

# Ársskýrsla **Festu** 2022



- 4** Ávarp formanns og framkvæmdastjóra
- 6** Festa í hnotskurn
- 7** Helstu verkefnin
- 11** Helstu viðburðir
- 13** Árið í tímalínu
- 16** Aðildarfélög
- 17** Kjölfestur og ný gjaldskrá
- 18** Stjórn, starfsfólk og nýtt nafn
- 19** Samstarfsaðilar
- 20** Ársreikningur

# Aukinn slagkraftur á árinu

## Ávarp framkvæmdastjóra og stjórnarformanns

Árið 2022 var viðburðaríkt og starfið kraftmikið. Starfsemin gekk vel, starfsmönnum í fullu starfi fjölgaði í þrjá, aðildarfélögum hélt áfram að fjölga og voru 181 í lok árs. Að auki steig hópur aðildarfélaga og stjórnvöld af krafti inn í störf Festu með auknu fjárframlagi, nýrri tegund að aðild að Festu sem heitir Kjölfestur Festu á áratugi aðgerða, og stuðningi við breytingu á gjaldskrá. Við þökkum aðildarfélögum Festu, þeim félögum sem gerðust fyrstu Kjölfestur Festu á árinu, forsætisráðuneytinu og umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu fyrir skilning á mikilvægi starfsemi félagsins og stuðning við starfsemi þess.



Festa er í dag **einstakt hagaðila samfélag um innleiðingu sjálfbærni í rekstur í Evrópu**, en aðild að Festu eiga minnstu og stærstu fyrirtækin á Íslandi, nokkur sveitafélög, háskólar og opinberar stofnanir eins og Umhverfisstofnun og Seðlabanki Íslands. Sjálfbærnivegferðin verður aðeins unnin í víðtæku samstarfi þvert á geira og sérgreinar og þetta skilja aðildarfélög í Festu sem líta björtum augum á framtíðina.



Segja má að **metþátttaka** hafi verið á flesta viðburði Festu þetta árið hvort sem lítið er til Janúarráðstefnunnar, Loftslagsfundarins, deiglufundu, tengslafunda, ýmissa samstarfsfunda eða Nordic Circular Summit ráðstefnunnar sem Festa tekur þátt í að skipuleggja og kynna íslensk fyrirtæki.

Þá hefur starfsfólk og stjórnarmenn tekið þátt í ýmsum viðburðum, ráðum og nefndum, auk þess sem Festa stendur að veitingu viðurkenninga fyrir markverð framlög í þágu sjálfbærni í breiðu samstarfi í íslensku atvinnulífi.

**Öflug upplýsingamiðlun og útgáfa efnis** var áberandi á árinu hjá Festu. Miðlar Festu upplýsa almenning um markverð störf og frampróun í átt að sjálfbærni meðal aðildarfélaga sinna sem og strauða og stefnur hér heima og erlendis. Þar horfum við til upplýsinga sem gagnast aðildarfélögunum í sjálfbærnivegferð þeirra, vörpum við ljósi á það sem leiðir veginn, skapar tengingar og gefur byr undir báða vængi. Áberandi í útgáfustarfsemi Festu, miðlun á fundum og ráðstefnum þetta árið voru yfirstandandi lagabreytingar, auknar kröfur um sjálfbærniupplýsingagjöf, innleiðing heimsmarkmiðanna, aðferðarfræði hringrásarhagkerfisins í rekstri, auðgandi sjálfbærni og nýsköpun. Mikilvægur tónn var sleginn í samfélag Festu þegar við fengum Johan Rockström og Kate Raworth til að flytja lykilerindi á Janúarráðstefnu Festu í upphafi árs, en þau eru heimspekkt fyrir að leiða vísindalega þekkingu á þolmörkum jarðar og innleiðingu á kleinuhringjahagfræðinni með tilheyrandi endurhugsun á viðskiptamódelum og hagfræði.

**Verkefnin fram undan eru ærin og spennandi**, þau fela í sér umbreytingu yfir í hringrásar- og lágkolefnishagkerfi, endurskoðun á viðskiptamódelum og flestum framleiðsluferlum vöru og þjónustu.

Hugvit og skýr kortlagning fara hér hönd í hönd og ljóst að íslenskt atvinnulíf þarf og getur hreyft sig hratt og ákveðið til þess að marka sér velsæld til framtíðar og sterkrar samkeppnisstöðu í ört breytilegu markaðsumhverfi. Þessi vegferð snertir flesta og kallar á breiða samstöðu stjórnvalda, fyrirtækja, fjárfesta, skólanna okkar og neytenda, og ekki síst, skýra sýn, hugrekki og sterka leiðtogaþæfni margra.

Við viljum fyrir hönd starfsfólks Festu og stjórnar þakka aðildarfélögum og þeim fjölmörgu öðrum samstarfsaðilum sem koma að starfi félagsins fyrir ánægjulegt og öflugt samstarf á liðnu ári. Framundan eru stór verkefni, bæði áskoranir og tækifæri, sem við vinnum vel með öflugum samtakamætti og gagnkvæmum stuðningi.

Með kveðju,

Tómas N. Möller, formaður stjórnar  
Hrund Gunnsteindsdóttir, framkvæmdastjóri

# Festa í hnotskurn

Festa teygir anga sína víða í störfum sínum og áherslu í starfseminni má skipta í þrjá flokka sjálfbærni: fólk, jörð og hagsæld.

Við beinum fræðslustarfi okkar og brúarsmið í tvo farvegi:

- i. Nýsköpun, sjálfbær viðskiptamódel, leiðtogafærni og hugarfarsbreyting
- ii. Samstillt aðlögun fyrirtækja og opinberra aðila að nýjum lögum, tæknibreytingum og kröfum um sjálfbærni í rekstri.



## 11 deiglu- og tengslafundir

- 487 þátttakendur



## 181 aðildarfélag í lok árs

- 23 á árinu



## 7000 gestir á 4 ráðstefnum

- Janúarráðstefna
- Loftslagsfundur
- Loftslagsmót
- Nordic Circular Summit



## 2 viðurkenningar

- Sjálfbærnisráðgjafi ársins
- Framúrskarandi sjálfbærni með Creditinfo



## Festa á 3 ráðstefnum CSR Europe



## 172 aðilar að Loftslagsyfirlýsingunni



## Fylgjendum fjölga

- 6.354 fylgjendur á samfélagsmiðlum - 14% aukning
- 35.691 heimsóknir á heimasíðu



## Handbók um heimsmarkmiðin

- Um 17 herbergjanálgunina - til útgáfu 2023



## 10 háskólanemar í Aðildi

- 4 vinnustofur með Össuri



## Þátttaka í 3 viðburðum Nordic Circular Hotspot

# Helstu verkefni 2022

## Loftslags- og umhverfismál

Loftslags- og umhverfismál voru viðamikill hluti af starfinu, líkt og fyrri ár. Við hófum árið á því að fá alþjóðlega tvo leiðtoga á sviði kleinuhringjahagkerfisins og þolmarka jarðar til að halda lykilerindi á Janúarráðstefnu Festu sem sett tóninn fyrir fundi og ráðstefnur framundan. Deiglufundir sem eru rafrænir fræðslufundir fyrir aðildarfélög voru tileinkaðir málaflokkunum, og voru líka til umræðu á tengslafundum aðildarfélaganna.

Festa stofnaði til samstarfs við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í lok árs, við hældum fjölsóttasta Loftslagsfundinn til þess í samstarfi við Reykjavíkurborg og stóðum fyrir vel sóttu Loftslagsmót í samstarfi við Rannís og Grænvang (sjá reglulega viðburði).

## Þátttaka í loftslagsráði

Festa á fulltrúa í Loftslagsráði Íslands, en meginhlutverk þess er að veita stjórnvöldum aðhald með faglegri ráðgjöf um loftslagsmál og að hafa yfirsýn yfir fræðslu og miðlun upplýsinga um loftslagsmál til almennings. Aðalheiður Snæbjarnardóttir, varaformaður Festu er fulltrúi félagsins og Hrund Gunnsteinsdóttir framkvæmdastjóri vara-fulltrúi.

## Leiðarvísir

Leiðarvísir á heimasíðu Festu var uppfærður í takt við þróun en þar er m.a. að finna handbók um innleiðingu loftslags- og umhverfisstefnu, kennslumyndband og Loftslagsmælir Festu, sem er ætlaður litlum og meðalstórum fyrirtækjum til að mæla kolefnisspor reksturs. Líkt og fyrri ár, var mælirinn uppfærður í lok árs, af sérfræðingahópi um loftslagsmál á vegum Festu og Reykjavíkurborgar en Efla

heldur utan um uppfærsluna fyrir hönd samtakanna.

## Hringrásarhagkerfið

Festa setti hringrásarhagkerfið á dagskrá í upphafi árs 2019 og hélt áfram að vinna markvisst að því að stuðningi við innleiðingu þess í íslenskt samfélag með fræðslu og samstarfi heima og erlendis.

## Nordic Circular Hotspot

Festa er einn af stofnendum samtakanna Nordic Circular Hotspot (NCH). Samtökin eru stofnuð af hópi lykilaðila á sviði hringrásarhagkerfisins á Norðurlöndunum í samstarfi við Nordic Innovation. Markmið samtakanna er að flýta fyrir umskiptum úr línulegu hagkerfi yfir í hringrásarhagkerfi á Norðurlöndunum. Á árinu bættust í hópinn fjöldi norrænna fyrirtækja og stofnana sem eru leiðandi í hringrás í rekstri.

## Kynningarefni um sjálfbærnilög, reglur, upplýsingagjöf


### Vegvísir

Á árinu leiddi Festa vinnu þar sem fjöldi sérfræðinga úr samfélagi Festu tóku saman helstu upplýsingar um komandi breytingar á lögum og upplýsingagjöf sem tengjast sjálfbærni í rekstri og fjárfestingum. Um er að ræða veigamiklar breytingar sem munu hafa mikil áhrif á íslensk fyrirtæki.

Afrakstur vinnunnar skilaði sér í vegvísi um viðtækar lagabreytingar og kröfum um sjálfbærniupplýsingagjöf hér á landi og er vegvísirinn eini sinnar tegundar hér á landi. Hann var gefinn út í tengslum við Janúarráðstefnu Festu 2023 og má nálgast hér.

## Aðildi

Aðildi fellowship verkefni Festu var sett á fót árið 2021. Að vera valin Aðildi hjá Festu felur í sér viðurkenningu fyrir störf, hugvit eða trú á að viðkomandi muni láta til sín taka á sviði sjálfbærni. Aðildi endurpeglar áherslur Festu að efla leiðtogahæfni á sviði sjálfbærni. Á árinu voru tíu háskólanemar valdir úr hópi umsækjenda og fengu aðild að starfi Festu í heilt ár ásamt einstaka leiðsögn frá stjórnendum hjá aðildarfélaginu Össur. Össur bauð Aðildum á fjóra mentor-fundi, í höfuðstöðvum Össurar á Íslandi þar sem leiðandi stjórnendur og sérfræðingar hjá fyrirtækinu fóru yfir vörupróun, störf og þróun á alþjóðamarkaði, innleiðingu sjálfbærni stefnu, innleiðingu markmiða og upplýsingagjafar í rekstur og mikilvægi leiðtogahlutvers fyrirtækja og einstaklinga. Að lokum bauð Festa Guðlaugi Þór Þórðarsyni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Grétu Maríu Gunnarsdóttir forstjóra Arctic Adventure í leiðtogaspjall með Aðildum ásamt samstarfsaðilum okkar hjá Össuri.



## Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmiðin lita allt starf Festu og eru verkefni og viðburðir Festu tengdir sýnilega við markmiðin. Á vef Festu eru upplýsingar um ólík tól og tæki sem snúa að innleiðingu markmiðanna í rekstur og stefnumótun.

## 17 herbergji

Á árinu hélt Festa áfram vinnu að þróunarverkefninu um 17 herbergji (e. 17 rooms), en sú vinna hófst í lok árs 2020. Verkefnið er hannað af The Center for Sustainable Development hjá Brookings Institution í samvinnu við The Rockefeller Foundation. Útgáfa á handbók um 17 herbergji í íslenskri þýðingu er væntanleg um mitt ár 2023, en verkefnið er styrkt af og unnið í samvinnu við Verkefnastjórn yfirvalda um heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.



## Sjálfbært Ísland

Í lok árs 2022 var stofnfundur Sjálfbærni ráðs Íslands haldinn og á sama tíma var samstarfsvettvangurinn Sjálfbært Ísland formlega stofnaður. Hlutverk ráðsins er m.a. að hraða aðgerðum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun eins og þau birtast í Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna. Arnar Másson stjórnarmeðlimur í Festu situr í ráðinu fyrir hönd félagsins og Hrund Gunnsteinsdóttir framkvæmdastjóri er varamaður.

## Hvatningarviðurkenningar

### Framúrskarandi sjálfbærni

Fasteignafélagið Reginn hf. fékk hvatningarviðurkenningu fyrir árangur á sviði sjálfbærni meðal Framúrskarandi fyrirtækja 2022. Dómnefnd vann úr lista yfir framúrskarandi fyrirtæki sem sýndu fram á skýra stefnu um samfélagsábyrgð, sjálfbærni, kynjajafnrétti og réttindi starfsfólks.

## ÁRSSKÝRSLA FESTU 2022

Verðlaunin eru veitt í samstarfi við Creditinfo og í dómnefnd sátu Erla Tryggvadóttir formaður dómnefndar, samskiptastjóri VÍS, Jón Geir Pétursson, dósent við HÍ sem á sæti í stjórn Festu og Sigríður Guðjónsdóttir, notendarannsakandi á þjónustu og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar og stofnandi SPJARA.



### Sjálfbærnisráðgjafar ársins

Hvatningarverðlaunin fyrir sjálfbærnisráðgjafar ársins hlutu Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Play. Fjörutíu og átta tilnefningar bárust sem er metfjöldi.

Markmið Festu, Stjórnvísis og Viðskiptaráðs með viðurkenningunni er að stuðla að notkun mælanlegra markmiða og vandaðrar upplýsingagjafar á sviði sjálfbærni. Í dómnefnd ársins sátu Reynir Smári Atlason, forstöðumaður sjálfbærnimála hjá Creditinfo sem var formaður dómnefndar, Jóhanna Hlín Auðunsdóttir, forstöðumaður loftslags og umhverfis hjá Landsvirkjun og Stefán Kári Sveinbjörnsson, verkefnastjóri í stefnumótun og sjálfbærni hjá Isavia. Skipað var í fyrsta skipti fagrað sem forvann tilnefningarnar, en í því sátu Sara Júlía Baldvinsdóttir, Nikólína Dís Kristjánsdóttir og Ísak Grant.



## Miðlun

### Netmiðlar

Festa vaktar umfjöllun um sjálfbærni, störf og greinar aðildarféлага og leggur sig fram við að deila slíkum upplýsingum til aðildafélga og almennings á samfélagsmiðlum.



**6123 fylgjendur á samfélagsmiðlum**



**33.000 heimsóknir á heimasíðu**

### Fréttabréf

Árið 2022 gaf Festa út fimm fréttabréf sem eru send til rúmlega 1.100 áskrifenda. Þar er að finna fréttir af starfsemi félagsins auk annars fróðleiks um sjálfbærni. Í hverju fréttabréfi voru greinar eftir einn eða fleiri gestapenna úr samfélagi Festu.

### Festa í fjölmiðlum

Fjöldi viðburða og verkefna Festu rötuðu í fjölmiðla á árinu auk þess sem fjöldi greina eftir starfsfólk og stjórnarmenn voru birtar í ólíkum fjölmiðlum. Fjallað var um störf Festu í 66 fréttum skv. greiningu fjölmiðlavaktar Creditinfo.

Uppfærsla á vef Festu hófst um mitt árið og lýkur á árinu 2023. Markmiðið er að bæta enn aðgengi að upplýsingum um störf félagsins og bæta þannig þjónustu við aðildarfélög og almenning.

### Nýr liðsmaður í miðlun

Í október tók til starfa miðlunar- og verkefnastjóri Festu, Ísabella Ósk Másdóttir og hún varð þá þriðji starfsmaður Festu í fullu starfi.



## Áhrif Festu út fyrir kjarnastarf

Starfsfólk og stjórnarmeðlimir Festu koma fram í fjölmiðlum og eru reglulega beðin um að halda erindi á ýmsum viðburðum og við ýmis tækifæri um sjálfbæran rekstur, sjálfbærni áskoranir, nýsköpun og lagabreytingar. Sem dæmi um viðburði eru fyrirlestrar á námskeiði Akademies um Góða stjórnarhætti, Matvælaþingi, Stockholm School of Economics í Riga, MBA nám í Yale háskóla, Swebank fundi fjármálastofnana á Norðurlöndunum, erindi á ráðstefnu um Sjálfbærnivægferð Lífeyrissjóða á vegum Seðlabanka Íslands og Landssamtaka Lífeyrissjóða, morgunfund Framvís um framtaksfjárfestingar, fyrirlestraröð Seðlabankans um sjálfbærni, Summit of Minds í Frakklandi, Lagadegurinn, námskeið í Háskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur og Háskólanum á Bifröst.



# Hestu viðburðir



**11 Deiglu- og tengslafundir**



**7000 gestir á fjórum ráðstefnum**

## Janúarráðstefnan

Stærsta sjálfbærnisráðstefna á Íslandi bar yfirskriftina „Á réttum forsendum“. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru þau Johan Rockström leiðandi vísindamaður um Þolmörk jarðar og Kate Raworth höfundur Kleinuhringjahagfræðinnar.

Ráðstefnunni var streymt beint úr Hörpu og eru upptökur af ráðstefnunni aðgengilegar á Youtube-rás Festu. Þrjú þúsund manns horfðu á ráðstefnuna fyrstu vikuna en áherslan var á þolmörk jarðar og kleinuhringjahagfræðina og var viðfangsefnið rætt út frá íslensku samfélagi, náttúrufræði, fjármagni, tilteknum atvinnugreinum og stjórnámálum.

Leiðtogar úr íslensku samfélagi tóku þátt í panel umræðum sem báru yfirskriftina: Hvernig ætlar fjármagn markvisst að stuðla að sjálfbærri framtíð?, Breytingar á lögum og upplýsingagjöf um sjálfbæran rekstur og Orkuskipti og hringrásarhagkerfið

Undirbúningur fyrir Janúarráðstefnuna 2023 hófst á vormánuðum 2022. Settir voru á laggirnar þrjár “task force” hópar til að kortleggja stöðu þriggja málaflokka og miðla í útgáfuefni:

- Lög og reglur um sjálfbæran rekstur og fjárfestingar
- Stefnur, straumar og aðferðafræði við miðlun sjálfbærniupplýsinga
- Gerjun í nýsköpun tengdri sjálfbærni og hringrásarhagkerfinu.

Um tólf fundir voru haldnir með tugum sérfræðinga úr samfélagi Festu og utan þess. Hóparnir lögðu drög að umræðustofum á Janúarráðstefnu Festu 2023 og unnu útgáfuefnið Vegvísir og sjálfbærni-upplýsingagjöf.

Aðalstyrktaraðilar ráðstefnunnar 2022 voru Landsbankinn og Arion Banki, aðrir styrktaraðilar voru Sjóvá, Íslandsbanki, Kvika, Eimskip, Sænska sendiráðið og Atvinnuvegaráðuneytið



## Nordic Circular Summit

Festa kom að skipulagi og undirbúning Nordic Circular Summit, sem er stærsta ráðstefna um hringrásarhagkerfið á Norðurlöndunum. Horft var til þriggja þema:

- Hvað getum lært af heimskreppum og byggt til framtíðar?
- Umbreyting á hagkerfi samtímans.
- Auðlindanotkun og endurvinnslumarkaðir framtíðarinnar.

Fyrir tilstilli Festu tóku þátt frá Íslandi þau Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, ásamt fulltrúum frá EFLU, CATALYS(C)ST, CICERO Shades of Green, Isavia, FÓLK Reykjavík, höfundur skýrslu um hringrásar hlutfall íslenska hagkerfisins (National Circularity Gap) ásamt Hörpu Júlíusdóttur verkefnastjóra Festu.

## Tengslafundir

Tengsla- og deiglufundir er hugsaðir fyrir aðildarfélög Festu til þess að læra hratt og faglega af hvert öðru. Sjö tengslafundir voru haldnir á árinu. Þau aðildarfélög sem buðu í heimsókn voru **Advania, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Orka náttúrunnar, Veritas, Sjóvá, Júní og Ölgerðin**. Alls mættu 290 fulltrúar aðildarfélaga Festu á fundina.

Tengslafundir Festu eru einungis opnir fyrir aðildarfélög. Þau bjóða heim, kynna áherslur sínar og eiga opið samtal við önnur aðildarfélög um áskoranir, leiðir og tækifæri sem felast í sjálfbærum rekstri. Þar gefst líka gott tækifæri til skoðanaskipta og tengslamyndunar en innan aðildarfélaganna má finna fremstu sérfræðinga landsins í sjálfbærni.




## Deiglufundir

Fjórir rafrænir deiglufundir voru haldnir á árinu með þátttöku um 200 fulltrúa aðildarfélaga Festu. Þemu fundanna voru:

- Lög og reglur um sjálfbæran rekstur
- Fyrstu skrefin í átt að sjálfbærum rekstri
- TCFD, leiðbeiningar um loftslagsmál og áhættustýringu
- Kolefnisjöfnun, hvernig jöfnum við og vottum?

Deiglufundir taka á málum í deigluinni. Þeir eru rafrænir fræðslufundir sem eru aðeins opnir fyrir aðildarfélög Festu og taka aðildarfélög þátt í að móta efni fundanna.



## Loftslagsfundur

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar árið 2022 var sá fjölmennasti til þessa, en þetta var í sjöunda sinn sem fundurinn fór fram. Einstakur og þverfaglegur hópur víðsvegar úr samfélagi Festu hélt fjölbreytt erindi um kolefnishlutleysi, grænþvott, hringrásarhagkerfi, vísindaleg markmið og -mælingar, nýsköpun og fleira. Þrír aðilar bættust við Loftslagsyfirlýsinguna. Hér er hægt að nálgast upptöku af fundinum.



## Loftslagsmótið

Loftslagsmótið er samstarfsverkefni Festu, Grænvangs, RANNÍS og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og leiðir saman fyrirtæki, frumkvöðla og aðra úr atvinnulífinu á örfundi. Á annað hundrað örfundir fóru fram um lausnir og áskoranir í loftslagsmálum.

## Janúar



**„Sjálfbærni í rekstri undirstaða velsæðar framtíðarinnar“**  
Hrund Gunnsteinsdóttir - Janúarráðstefnan  
23. janúar

### Fréttabréf

24. janúar



## Janúarráðstefna Festu Á réttum forsendum


27. janúar

3000



### Aðildi kynnt - 10 háskólanemar

27. janúar



## Febrúar



### Tengslafundur Advania

15. febrúar

35



## Mars

### Fréttabréf

10. mars



### Fræðslufundur CSR Europe “Due Diligence Law”

10. mars



### Deiglufundur

Iög og reglur um sjálfbæran rekstur

55

16. mars



### Tengslafundur Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna

31. mars

55

## Apríl



### Tengslafundur Orku náttúrunnar

26. apríl

58



### Rýnifundur um Kjölfestur

27. apríl



### Loflagsmótið 2022: Alls kyns samstarfsmöguleikar geta fæðst

27. apríl



**„Þínu eins og konfektkassi nema þú mátt borða fullt af molum“**  
Vilborg Einarsdóttir, Bravo Earth - Loflagsmótið

28. apríl

## Mái



### Loftslagsmótið

4. maí 90



### Deiglufundur

fyrstu skrefin í átt að sjálfbærum rekstri

10. maí

35



### Viðburður með CSR Europe

Building a European Leadership Network for Ethnic Diversity

10. maí



### Tengslafundur

22

### Veritas

18. maí



### Aðalfundur

Nýtt nafn - ný stjórn - ársskýrsla

19. maí

### Fréttabréf

25. maí



## Júní



### Sjálfbærnisráðgjafarýrsla ársins

Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Play.

7. júní



### Tengslafundur Sjóvá

9. júní 45



## Ágúst



### Nordic Circular Hotspot viðburður

How will the EU Taxonomy and the Transparency Act affect the Nordic region

31. ágúst



## September

### Tengslafundur Júní

28 14. september



### Deiglufundur

TCFD, leiðbeiningar um loftslagsmál og áhættustýringu

28. september

60

# Október

**Ráðstefna CSR Europe**  
The European SDG Summit. Together for an Inclusive Green Deal.



11. október



**Tengslafundur Ölgerðarinnar**



20. október 47



**Framúrskarandi sjálfbærni Reginn**



21. október

**Deiglufundur**

Kolefnisjöfnun, hvernig jöfnum við og vottum?

47

# Nóvember



**Auka aðalfundur**

3. nóvember

**„Umhverfisvæn steypa“**

Sigríður Ósk Bjarnadóttir, Hornsteinn - Loftslagsfundur

3. nóvember



**Fréttabréf**

4. nóvember

**„Marel og grænu skrefin“**

Þorsteinn Kári Jónsson, Marel - Loftslagsfundur

7. nóvember

**„Móbergið mögulega jákvæð lausn fyrir heiminn en ekki íslenska bókhaldið.“**

Sigríður Ósk Bjarnadóttir, Hornsteinn - Loftslagsfundur

9. nóvember

**„Eyrirtæki ákærð og stjórnendur reknir fyrir að fegra upplýsingar“**

Þorsteinn Kári Jónsson, Marel - Loftslagsfundur

10. nóvember

**Borgarstjóri á Rás 2**

Dagur B. Eggertsson - Loftslagsfundur

10. nóvember

**Nordic Circular Summit**

3000

22. nóvember

**Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar**

10. nóvember 102

**„Mátturinn í hugviti mannkyns“**

Hrund Gunnsteinsdóttir og Isabella Ósk Másdóttir

25. nóvember

# Desember



**„Auðgandi viðskiptamódel“**

Harpa Júlíusdóttir

1. desember

**„Við eigum að fara að hegða okkur meira eins og ömmur okkar og afar“**

Freyr Eyjólfsson, SORPA - Loftslagsfundur

7. desember



**„Mikilvægt að tryggja að í upplýsingagjöf fyrirtækja séu engar hálfsgðar sögur“**

Birgitta Steingrimsdóttir, Umhverfisstofnun - Loftslagsfundur

8. desember

**„Við eigum að fara að hegða okkur meira eins og ömmur okkar og afar“**

Freyr Eyjólfsson, SORPA - Loftslagsfundur

7. desember



**„Hreyfiafli í opinberum innkaupum“**

Harpa Júlíusdóttir og Hrund Gunnsteinsdóttir

12. desember


**Fréttabréf**



16. desember

# Aðildarfélög

Í lok árs 2022 voru aðildarfélög Festu 181 talsins. Tuttugu og þrjú félög bættist við á árinu.



Ábyrgar lausnir ehf.  
 Advania Ísland ehf.  
 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins  
 Alcoa Fjarðaál  
 Alma  
 Alta ehf  
 Alvotech  
 Arion banki  
 Arngrimsson Advisors Ltd  
 Aton.JL  
 Attentus  
 Bakkinn Vöruhótel  
 BBA Fjeldco ehf  
 Bláa lónið  
 Blái herinn  
 Borealis Data Center  
 BravoEarth ehf.  
 Brim  
 Brú Lífeyrissjóður  
 Búseti  
 BYKO ehf  
 CCP hf.  
 Coca-Cola European Partners Ísland hf  
 Cognitio  
 Colas Ísland  
 Controlant  
 CreditInfo Lánstraust  
 Dagar  
 Deloitte ehf.  
 Discover truenorth ehf  
 EFLA verkfræðistofa  
 Eik fasteignarfélag hf  
 Eimskip  
 Elkem  
 ELKO  
 Ernst & Young ehf  
 Eskja hf  
 Eta Carina ehf  
 Expectus  
 Eyrir Invest hf  
 Eyrir Venture Management  
 Feel Iceland  
 Félagsbústaðir ehf.  
 Festi  
 Fly Play hf

Framsýnt fólk (Lín Design)  
 Frumtak Ventures  
 Gagarín  
 Garri  
 GEMMAQ  
 Geo Salmo  
 Greenhouse hotel ehf.  
 Hagar hf.  
 Hampiðjan  
 Hannesarholt ses  
 Happprætti Háskóla Íslands  
 Hárækt ehf/VAXA  
 Háskóli Íslands  
 Háskólinn á Bifröst  
 Háskólinn í Reykjavík  
 Heimstaden ehf.  
 Hornsteinn  
 Hrafnsholl ehf  
 HS Orka  
 Húsasmiðjan  
 Ice Fish ehf  
 Icelandair  
 Icelandair hótél  
 ÍÐAN fræðslusetur  
 Indó  
 Inkasso ehf  
 INNNES ehf  
 ISAVIA  
 Íslandsbanki  
 Íslandspóstur  
 Íslandsshótel  
 Íslandsspil  
 Íslandsstofa  
 Íslensk getsþá  
 Íslenski lífeyrissjóðurinn  
 iTUB ehf.  
 Júní digital  
 Kerecis  
 Klappir grænar lausnir hf.  
 Kolibri ehf  
 Kontra ráðgjöf ehf  
 Kópavogsbær  
 KPMG  
 Krónan  
 Kvika banki hf.

Lánasjóður Sveitarfélaga ohf  
 Landsbankinn  
 Landsnet  
 Landsvirkjun  
 Laufið  
 LEX Lögmannsstofa  
 Lífeyrissjóður starfsmann ríkisins  
 Lífeyrissjóður verslunarmanna  
 Lífsverk lífeyrissjóður  
 LMB Mandat slf  
 Logos slf  
 Mannvit  
 Marel  
 Miklatorg/IKEA  
 Míla  
 Mjólkursamsalan  
 Múalundur Vinnustofa SÍBS  
 N1 ehf  
 NASDAQ OMX Iceland  
 Netpartar ehf  
 Neyðarlínan ohf.  
 Norðurál  
 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins  
 Ölgerðin  
 Olíuverzlun Íslands hf  
 ON - Orka náttúrunnar  
 Orb  
 Orkan IS ehf.  
 Orkusalan  
 Orkuveita Reykjavíkur  
 Össur hf.  
 Perla norðursins  
 Pfaff hf  
 Podium ehf.  
 pretty good consulting ehf  
 PricewaterhouseCooper ehf  
 Pure North Recycling  
 Rafal ehf  
 RARIK ohf.  
 RB - Reiknistofa bankanna  
 Reginn hf  
 Reitir fasteignafélag hf.  
 Rekstrarvörur ehf  
 Resource International ehf.  
 Reykjarður hf.

Reykjavíkurborg  
 Rio Tinto á Íslandi  
 Samgöngustofa  
 Samhentir  
 Samskip  
 Samtök atvinnulífsins  
 Samtök iðnaðarins  
 Seðlabanki Íslands  
 Sena  
 Seven Glaciers  
 Síminn  
 Sjóklæðagerðin/66° Norður  
 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.  
 Skeljungur IS ehf  
 Sólar ehf  
 Sölufélag garðyrkjumanna ehf.  
 SORPA bs  
 Staðlaráð Íslands  
 Súrefni íslensk kolefnisjöfnun ehf  
 Svami ehf  
 Sveitafélagið Hornafjörður  
 Sýn hf.  
 Te & Kaffi  
 Terra umhverfisþjónusta hf  
 Toyota á Íslandi  
 Truenorth Nordic ehf  
 Tryggingamiðstöðin hf.  
 Tryggingarfélagið Ösp  
 Tryggja ehf  
 Umhverfisstofnun  
 Valitor hf.  
 Veganmatur ehf / Vegan búðin  
 Veitur  
 Veraldarvinir  
 Veritas Capital hf  
 Verkís hf.  
 Vinnvinn ehf.  
 VIRK  
 VÍS  
 Vista verkfræðistofa  
 Vörður tryggingafélag  
 Votlendissjóður  
 VR  
 VSÓ Ráðgjöf  
 Wise Lausnir  
 Yorth ehf

# Kjölfestur og ný gjaldskrá

Á árinu urðu tvíþættar breytingar á gjaldskrá Festu sem tóku gildi í janúar 2023. Þær felast annars vegar í nýjung sem nefnist „Kjölfestur á áratugi aðgerða“ og hins vegar hækkun á gjaldskrá félagsins, en gjaldskráin hafði lítið breyst frá stofnun Festu, að frátalinni hækkun árið 2020 og vísitöluhækkunum sl. þrjú ár. Þó tekjur félagsins hafi vaxið samhliða fjölgun aðildarféлага dugir það ekki til að halda í við aukið umfang.

Gjaldskrá Festu hækkaði því um 7% til 17% eftir stærðarflokkum.

Stærðarflokkar eftir fjölda starfsfólks	Hækkun í %
Einyrkjar og félagasamtök	7%
2 - 15	7%
16 - 49 og menntastofnanir	12%
50 - 199	12%
200 - 499	17%
500 - 999	17%
1000 +	17%

## Styrkur frá stjórnvöldum

Í lok árs fékk Festa einnig rekstrarstyrk frá forsætisráðuneytinu og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Hvort um sig veittu þau fjögurra milljóna króna styrk.



## Kjölfestur Festu

Kjölfestur Festu styðja sérstaklega við störf Festu á áratugi aðgerða 2020-2030. Kjölfestuaðild felur í sér einnar milljón krónu framlag, til viðbótar við almennt árgjald.

Kjölfestur árið 2022 voru Arion Banki, Deloitte á Íslandi, Efla, Íslandsbaki, Kvika, KPMG, Landsvirkjun, Landsbankinn, Marel og PwC.





# Stjórn, starfsfólk og nýtt nafn

## Stjórn

Aðalfundur Festu var haldinn 19. maí 2022 og eftirfarandi fulltrúar aðildafélaga voru kosin í stjórn fyrir árið 2022-2023:

- Tómas N. Möller, formaður (Lífeyrissjóður verzlunarmanna)
- Aðalheiður Snæbjarnardóttir, varaformaður (Landsbankinn)
- Arnar Másson (Marel)
- Ægir Þórisson (Advania)
- Jón Geir Pétursson (Háskóli Íslands)
- Birta Kristín Helgadóttir (Grænvangur)
- Raket Sævarsdóttir (Seven Glaciers)

Úr stjórn stigu Erla Tryggvadóttir (VÍS), sem hefur verið varaformaður síðustu tvö ár, og Ingibjörg Ólafsdóttir (Rafal)



## Nýtt nafn

Á aðalfundi Festu á árinu var tillaga að breytingu á samþykktum og sneri hún að nafni félagsins (1.gr. samþykkt). Aðalfundur samþykkti tillöguna og var því nafni félagsins breytt úr Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð yfir í **Festa – miðstöð um sjálfbærni**.



## Starfsfólk og aðsetur

Framkvæmdastjóri Festu er Hrund Gunnsteinsdóttir, verkefnastjóri er Harpa Júlíusdóttir og miðlunarstjóri er Ísabella Ósk Másdóttir. Harpa og Hrund hafa starfað hjá félaginu frá árinu 2019 og Ísabella var ráðin árið 2022.



Festa hefur aðsetur í Háskólanum í Reykjavík og hefur haft þar skrifstofu frá stofnun félagsins. Festa kann Háskólanum í Reykjavík allra bestu þakkir fyrir að hýsa skrifstofur Festu og veita félaginu bæði aðstöðu og tækniástoð endurgjaldslaust.



## Starfsnemi

Ólöf Edda Ingólfsdóttir, nemandi á þriðja ári í Viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík gekk til liðs við Festu sem starfsnemi í upphafi árs 2022. Ólöf skrifaði greinar og setti saman Fréttabréf Festu.

# Helstu samstarfsaðilar





# Festa

miðstöð um  
sjálfbærni





## Ársreikningur 2022

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld		46.656.000	39.024.933
.....		710.387	101.087
Viðburðartekjur		22.153.000	5.099.237
..... Styrkir (v.		0	3.921.124
viðburða og verkefna) ..... Hefjum		69.519.387	48.146.381
störf .....			
<b>Rekstrargjöld</b>			
Viðburðarkostnaður .....		3.305.092	5.146.032
Laun og launatengd gjöld .....	3	35.661.244	35.100.338
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		5.874.369	5.628.233
Annar rekstrarkostnaður		1.995.933	1.614.486
.....		46.836.638	47.489.089
<b>Rekstrarhagnaður</b>		22.682.749	657.292
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		740.821	99.430
Vaxtagjöld		(36.975)	(6)
.....		703.846	99.424
<b>Afkoma ársins</b>		23.386.595	756.716

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur á aðildarfélög og viðskiptavini		860.500	2.139.500
..... Lausafjár safn		12.402.249	12.007.412
..... Handbært fé		30.175.248	5.525.849
.....		<u>43.437.997</u>	<u>19.672.761</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>43.437.997</u>	<u>19.672.761</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eigið fé</b>	4		
Óráðstafað eigið fé .....		37.019.846	13.633.251
		37.019.846	13.633.251
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		569.070	870.182
..... Fyrirfram		500.000	1.200.000
innheimtir styrkir v. ráðstefnu í janúar .....	Aðrar	5.349.081	3.969.328
skammtímaskuldir .....		6.418.151	6.039.510
<b>Skuldir samtals</b>		6.418.151	6.039.510
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		43.437.997	19.672.761



# Festa

miðstöð um  
sjálfbærni

**Ritstjórn:** Ísabella Ósk Másdóttir, Hrund Gunnsteinsdóttir og Harpa Júlíusdóttir

**Ábyrgð:** Tómas N. Möller

**Myndir frá Janúarráðstefnu 2022:** Valgarður Gíslason

**Myndir frá Loftslagsfundi 2022:** Sigurjón Ragnar

**Myndir frá Sjálfbærnisráðgjafningu ársins:** Haraldur Guðjónsson

**Myndir frá Framúrskarandi fyrirtæki 2022:** Creditinfo